

Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10, 105 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Tilvísun: Umögn COWI IS – mál nr. S166-2023

19.03.2024

Varðandi: Umsögn COWI IS ehf. v/máls nr.: S-166/2023

Efni: Umsögn vegna máls nr. S-166/2023.

"Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (sameining Náttúrufræðistofnunar Ísl., Landmælinga Ísl. og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ)" sem nú er til meðferðar hjá Umhverfis- og samgöngunefnd ríkisins.

COWI Ísland (IS), sem er hluti af COWI Danmörku (DK), fagnar þessari sameiningu, hagræðingar og eflingar á rekstri, skilvirkni í verkefnavinnu og starfskröftum ráðuneytisi umhverfis-, orku- og loflagsmála. Jafnframt styður COWI IS þá þjónustu sem stofnanir ráðuneytisins sinna í formi þjónustu á almennri rannsóknarvinnu og upplýsingagjafar um náttúru landsins til almennings eins og gildandi frumvarp lýsir um hlutverk þessara stofnana.

COWI IS starfrækir eigin rannsóknarstofu og hefur gert sl. 30 ár. Hún þjónustar opinbera aðila sem og aðila í einkarekstri á sviði mannvirkjagerðar og umhverfismála með staðlaðar og efnislegar prófanir og því tengdu, t.d. steypuprófanir og malbiksprófanir, sérhæfðar jarðtækniprófanir, þá aðallega sigpróf og þríasaprófanir, sem og prófanir vatnssýna o.fl.. Rannsóknarstofan gegnir því mjög mikilvægu hlutverki í þeirri þjónustu sem COWI IS hefur upp á að bjóða þeim aðilum sem eru á þessum markaði. Innhýsing opinberra aðila, t.d. Tækniseturs, sem hefur þann tilgang að sinna grunnrannsóknnum á þessu sviði, eins og þjónusta rannsóknarstarf háskólana og ekki sértækri þjónustu, svo sem sérhæfðari prófunum, eins og raunin ber því miður vitni. Þessi samkeppnisrekstur hefur haft, og mun hafa, hamlandi áhrif á framþróun rannsóknarstofu COWI sem og annarra verkfræðistofa og einkarekna fyrirtækja sem sinna prófunum fyrir alhliða mannvirkjagerð og umhverfismál á hinum almenna markaði.

COWI IS hefur nýlega fest kaup á dróna til hagræðingar í sinni vinnu við landmælingar, vöktunar- og eftirlitsverkefna, t.d. til svæða sem eru erfið aðkomu vegna landfræðilegrar staðsetningar. Einnig mun dróninn sinna þrívíddarskönnun til líkanagerðar ásamt fjölda annarra verkefna en tilkoma drónans eykur þjónustugetu COWI IS til muna.

COWI DK heldur úti verkefni sem heitir COWI MultiViewer (CMV) sem er götu- og loftmyndaverkefni. Verkefni þetta er starfrækt í Danmörku, Færeyjum og Grænlandi sem stendur en stefnt er að sækja fram á Íslandi sumarið 2024. Þetta verkefni svipar til þess sem LM, Google og Já.is eru að gera í kortagerð hér á landi með öðruvísi áherslum, en stefnt er að 100% yfirferð allra vega sem og fjölfarna hálendisvegi/fjallavegi. Hugmyndin er að COWI Ísland eignist hlutaðild í verkefninu í nánustu framtíð og haldi úti rekstrinum hér á landi.

Hagsmunir eru því miklir. Mikilvægt er að tryggja að nýja Náttúrufræðistofnunin fari ekki inn á almennan markað og í beinan samkeppnisrekstur við einkarekin fyrirtæki sem sérhæfa sig í ofangreindum þjónustuliðum. En réttast væri að bjóða út þessa þjónustuliði í stað innhýsingar hjá opinberum stofnunum. Sama á við um sérhæfða vinnu jarð- og jarðtæknifræðinga, efnafræðinga og annarra sérhæfðara starfsfólk hjá nýju Náttúrufræðistofnun ríkisins.

Því er mikilvægt að sett verði ákvæði og/eða aðrar mótvægisáðgerðir sem kveða á um að Náttúrufræðistofnunin skuli, og muni ekki fara út í beinan samkeppnisrekstur við fyrirtæki í einkarekstri á sértækari þjónustum sem nefnd hafa verið í umsögn þessari, t.d. efnislegar prófanir, korta- og loftmyndagerð, jarðtækni- og jarðfræðilegri þjónustu.

Er þetta í samræmi við það sem Samtökin (SI og SA) hafa bent á í umsögn sinni um frumvarp þetta varðandi aukinnar innhýsingar opinberra aðila á sviði sértækari verkfræðiþjónustu og þau hamlandi áhrif á framþróun þeirra fyrirtækja sem sinna þeirri þjónustu fyrir aðila á hinum almenna markaði.

COWI IS hvetur því ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála að endurskoða frumvarp sitt og samkeppnisrekstrarform opinberra aðila við fyrirtæki í einkarekstri áður en illa fer fyrir minni og meðalstórum fyrirtækjum sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu.

Virðingarfyllt,

f.h. COWI Ísland ehf.,

Hjörtur Ingi Hjartarson

Verkefnisstjóri, burðarvirki